

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 318/2009 um takmörkun á inntöku nemenda í tiltekna námsgreinar við Háskóla Íslands háskólaárið 2009-2010.

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 5. gr. bætast 3. og 4. mgr. svohljóðandi:

Fjöldi nemenda í hjúkrunarfræði á vormisseri 1. námsárs 2010 takmarkast við að 120 nemendur að hámarki öðlist rétt til áframhaldandi náms. Rétturinn ákvarðast af árangri í samkeppnisprófum.

Um val nemenda gilda reglur hjúkrunarfræðideildar nr. 502/2002 um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði með áorðnum breytingum.

2. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði skv. heimild í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 85/2008, um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 27. ágúst 2009.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.